

Ár 2023, þriðjudaginn 8. ágúst er fundur haldinn í aga- og úrskurðarnefnd KSÍ á skrifstofu Knattspyrnusambands Íslands í Laugardal, Reykjavík, af nefndarmönnum Gunnar Guðmundsson, Erna Birgisdóttir og Þröstur Ríkharðsson.

**Fyrir er tekið málið nr. 12 /2023:**

Framkvæmdastjóri KSÍ  
gegn  
Knattspyrnudeild Vestra

Gögn málsins liggja frammi. Er nú í nefndinni kveðinn upp svofelldur

**ÚRSKURÐUR:**

**I.**

**Aðilar máls:**

Kærandi:  
Framkvæmdastjóri KSÍ  
Klara Bjartmarz

Kærði:  
Knattspyrnudeild Vestra  
Fyrirsvarsmaður: Samúel Sigurjón Samúelsson

**II.**

**Málsatvik:**

Á fundi aga- og úrskurðarnefndar KSÍ 1. ágúst 2023 var tekin fyrir greinargerð sem framkvæmdastjóri KSÍ sendi til nefndarinnar þann 19. júlí, skv. 20. gr. í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál. Fram kemur í greinargerð framkvæmdastjóra að málið varði ósæmileg opinber ummæli Davíðs Smára Lamude á myndskaiði sem eru að mati undirritaðrar til þess fallin að skaða ímynd íslenskrar knattspyrnu. Hafi ummælin birst í viðtali á vefsíðunni Fótbolti.net. Að mati framkvæmdastjóra var með ummælunum vegið að heiðarleika og heilindum dómara í leik ÍA og Vesta í Lengjudeild karla, þann 16. júlí sl.

Ummæli sem vitnað er til í greinargerð framkvæmdastjóra eru eftirfarandi:

*„Ég held að allir sem horfðu á þennan leik sjá það að viðbrögð mín eru náttúrulega alls ekki góð.*

*Það eru náttúrulega fleiri í gula liðinu í dag, svo einfalt er það. Ég er bara gríðarlega vonsvikinn það er bara eitt lið á vellinum eitt lið sem spilaði fótbolta í dag eitt lið sem sparkaði boltanum upp í vindinn og*

*vonaði það besta og mér fannst við vera með alla stjórn á þessum leik frá fyrstu mínútu til 90 mínútu.*

*Þetta er bara þjúra brot, það sjá það allir að þetta er brot þú sérð það á spjöldunum sem voru hérna í dag að hann dæmdi bara í eina átt hvað sem veldur ég veit það ekki. Eina ógnin sem Skagamenn gáfu okkur þeir var að reyna fiska okkur út af með rautt spjald það var eina sem þeir gerðu hér í dag.*

*Við gátum alveg klárað þennan leik hérna miklu fyrr og þurftum ekki að Leyfa þessu að fara í þessa vitleysu sem þetta fór í að setja þetta í hendurnar í dómarnum, dómara leiksins það var það sem kostaði okkur í dag. Hefðum getað klárað þennan leik miklu miklu fyrr."*

Í samræmi við grein 20.2. í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál ber að fara með mál, sem framkvæmdastjóri vísar til nefndarinnar á grundvelli 20. greinar, eins og um kærsmål sé að ræða. Greinargerð framkvæmdastjóra var því send til knattspyrnudeildar Vestra og félaginu gefinn kostur á að koma sjónarmiðum sínum í málinu á framfæri við nefndina fyrir kl. 16:00 miðvikudaginn 26. júlí 2023.

Á fundi nefndarinnar 1. ágúst 2023 lá fyrir greinargerð sem barst til skrifstofu KSÍ frá knattspyrnudeild Vestra. Í greinargerðinni kemur m.a. eftirfarandi fram:

*„Vestri ætlar að þau ummæli sem tilgreind eru af framkvæmdastjóra KSÍ séu á engan hátt þjálfara Vestra til minnkunar. Þau hefðu vissulega mátt setja fram af meiri yfirvegum en knattspyrna er íþrótt tilfinninga og ummælin eru sett fram í beinu framhaldi af leik þar sem mikið er undir.*

*Aga- og úrskurðarnefnd KSÍ hefur tekið til úrskurðar mál sem varða ummæli einstaklinga. Má þar nefna dæmi Arnar Guðjónssonar fyrirliða Akranes en að auki ummæli Björgvins Stefánssonar og eins Jóns Kára Eldon leikmenn KR og KV. Var látið nægja að úrskurða um vægar sektir í þeim tilvikum.*

*Ummæli DS eru hraustleg og látin falla í beinu framhaldi af leik þar sem mikið er undir og úrslit ráðast af vafasömu atviki undir lok leiks.“*

### **III.**

#### **Niðurstaða:**

Fyrir liggur að taka þarf afstöðu til þess hvort framkoma þjálfara mfl. karla hjá Vestra, Davíðs Smára Lamude, sem vitnað er til í greinargerð frá framkvæmdastjóra KSÍ, dags. 19. júlí sl., falli undir ákvæði 20. gr. reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarmál. Ákvæðið er svohljóðandi:

*„Framkvæmdastjóra KSÍ er heimilt að vísa til aga- og úrskurðarnefndar atvikum sem skaðað geta ímynd knattspyrnunnar eða þeirra sem þátt taka í leiknum. Slík atvik hafa þá ekki komið fram í atvikaskýrslum dómara og/eða eftirlitsmanns á leiknum en geta verið hvers kyns ósæmileg framkoma á leikstað eða á annan hátt opinberlega.“*

Með vísan til greinar 4.1. reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót skulu félög, iðkendur, forystumenn og aðrir jafnan sýna drengskap og forðast hvaðeina sem rýrt gæti álit almennings á íþróttinni og koma fram af hollustu, heiðarleika og sönnum íþróttanda. Þeir sem taka þátt í starfi knattspyrnuhreyfingarinnar skulu leitast við að gera ekkert það sem til vanvirðu má telja fyrir íþróttina. Sérhvert félag er ábyrgt fyrir framkomu leikmanna, forráðamanna, félagsmanna og stuðningsmanna sinna og allra þeirra sem hafa hlutverk á vegum þess í tengslum við kappleik, sbr. grein 4.2. sömu reglugerðar. Ennfremur segir í grein 5.10. laga KSÍ, að sérhvert aðildarfélag skal bera ábyrgð á framkomu leikmanna, forráðamanna, félagsmanna og stuðningsmanna sinna og allra þeirra sem hafa hlutverki að gegna á vegum þess vegna ámælisverðrar eða óásættanlegrar framkomu þessara aðila innan vébanda KSÍ, og getur sætt viðurlögum sem nánar er kveðið á um í lögum þessum og reglugerðum KSÍ.

Að því virtu og öðrum fyrirliggjandi gögnum er það álit aga- og úrskurðarnefndar KSÍ að tilvitnuð opinber ummæli Davíðs Smára Lamude hafi verið óvægin og til þess fallin að skaða ímynd íslenskrar knattspyrnu. Samkvæmt þessu falla ummæli Davíðs undir ákvæði 20. gr. reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarmál. Í samræmi við reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál, grein 12.9.e), hefur brot á 20. grein í för með sér sekt að fjárhæð kr. 200.000,- en þó ekki lægri en kr. 50.000,- og/eða leikbann í tiltekinn fjölda leikja eða tímabundið.

Ákvað aga- og úrskurðarnefnd KSÍ á fundi sínum 1. ágúst 2023 að sekta knattspyrnudeild Vestra, um kr. 100.000,- vegna framangreindra opinberra ummæla Davíðs Smára. Við ákvörðun viðurlaga knattspyrnudeildar Vestra tekur nefndin mið af úrskurði í kærumáli nr. 6/2023. Hefur úrskurður í fyrirliggjandi máli því ítrekunaráhrif sem sektarákvörðun tekur mið af.

#### IV.

##### **Úrskurðarorð:**

Knattspyrnudeild Vestra skal sæta sekt að upphæð kr. 100.000,- til KSÍ.

##### **Um áfrýjun:**

Samkvæmt grein 16.3 í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál er frestur til að áfrýja máli til áfrýjunardómstóls KSÍ 3 dagar frá því að úrskurður aga- og úrskurðarnefndar er kveðinn upp og skulu almennir frídagar ekki taldir með.

Gunnar Guðmundsson [sign]

Erna Birgisdóttir [sign]

Þróstur Ríkharðsson [sign]